



Öldrunargeðlækningar

Pálmi V. Jónsson, FACP, FRCP L
yfirlæknir, öldrunarlækningadeild Landspítala,
prófessor í öldrunarlækningum, læknadeild Háskóla Íslands,

Meðalævilíkur við fæðingu hafa vaxið á hverju ári frá 1840



- Úr 45 árum í
 - 80.6 ár fyrir karla
 - 83.7 ár fyrir konur
- um 2, 5 ár/áratug
- 3 mánuði/ár
- 6 klst./dag
- Algengasta dánarár +5ár

Breytingar á lífslíkum




- Karlmenn hafa 30% aukna dánartíðni samanborið við konur
- Það eru 245 konur á móti 100 körlum 85+
- 72% deyja gamlir en 28% um aldur fram

Gamalt fólk er í grundvallar atriðum ólíkt miðaldra fólki



- Aldurstengdar breytingar í öllum líffærum
- Margir sjúkdómar
- Mörg lyf
- Líkamlegt og vitrænt færnitap algengt
- Sjúkdómsmyndir óvenjulegar

Mannfjöldaspá á Íslandi



- 65 ára og eldri eru nú 13.5% af mannfjölda
 - Standa á bakvið helming útgjalda til heilbrigðis- og félagsmála.
- Árið 2035, verður hlutfall 65 ára og eldri yfir 20%

Geðræn vandamál á efri árum

- Algengi geðsjúkdóma vex með aldri og hafa neikvæð áhrif á lifun, vitræna getu, líkamlega heilsu félagslega stöðu og eykur á önnur veikindi sem kunna að vera fyrir hendi.
- Þunglyndi og oflæti eru algeng meðal eldra fólks og tengjast auknum líkum á sjálfsvígum.
- Notkun sterkra geðlyfja hjá eldra fólki tengist alvarlegum aukaverkum
- Kvíðaröskun er algeng hjá eldra fólki og getur haft margvíslegar birtingarmyndir
- Kvíðaröskun getur einnig tengst öðrum geðrænum sjúkdómum, svo sem þunglyndi, heilabilun, líkamlegum sjúkdómum og fíkn.

Sértæk geðheilbrigðisþjónusta fyrir eldra fólk er mjög takmörkuð

- Greiningarvinna og stuðningur vegna heilabilunarsjúkdóma er þokkaleg
- Önnur þjónusta vegna geðrænna sjúkdóma er mjög takmörkuð:
 - Fjöldi eldra fólks sem er innlagt á geðdeild er mjög takmarkaður og í hróplegu ósamræmi við þarfir.
 - Það vantar bæði lækna- og hjúkrunarfræðinga og sálfræðinga til starfa sem hafa sérþekkingu á öldrunargeðlækningum.
 - Það er mjög erfitt að finna fólk með geðræn vandamál stað á sjúkrahúsinu, þar sem það er engin sérhæfð deild fyrir eldra fólk
 - Almennar geðdeildir henta ekki og heldur ekki almennar öldrunarlækningadeildir
 - Hugmyndir að stofnun öldrunargeðdeildar voru samþykktar af Sif Friðleifsdóttur, fyrrverandi heilbrigðisráðherra og á framkvæmdastigi Guðlaugs Þórs Þórðarsonar árið 2008, þegar fjármálahrun skall í íslenskri þjóð.

Reykjavík, 8. desember, 2006

Sif Friðleifsdóttir,
Heilbrigðisráðherra
Heilbrigðisráðuneyti
Vegmúla 3,
150 Reykjavík

Ágæti ráðherra,

Það var ákvörðun þín að gera álit nefndar sem fjallaði um sértæka þjónustu við aldraða með geðsjúkdóma að þínu og leggja áherslu á þetta verkefni, meðal annars í stefnumótun í málefnum aldraðra. Miðstöð þessarar sérhæfðu þjónustu skyldi vera á öldrunarsviði LSH. Í kjölfarið hefur starfshópur innan öldrunarsviðs, að beiðni framkvæmdastjóra lækninga og hjúkrunar á LSH, unnið að því að skilgreina þetta verkefni og það hvernig því yrði fyrir komið. Meðfylgjandi er greinargerð sem hugsuð er sem umræðugrundvöllur milli LSH og HTR varðandi framkvæmd þessarar stefnu.

Haft hefur verið samráð við sviðsstjórn geðsviðs LSH um þetta mál og er samstaða um grundvallaratriði í útfærslunni en unnið verður að því að skilgreina samskipti og vinnuferla milli beggja sviða nánar. Haft verður að leiðarljósi að þjónustan verði skilvirk og sérhver einstaklingur fái þá þjónustu sem hann þarf á að halda á þeim stað sem best mætir þörfum hvers og eins.

Það er von okkar að hægt verði að hefjast handa við verkefnið snemma á árinu 2007 og að hugmyndirnar verði komnar að fullu til framkvæmda ári síðar,

Virðingarfyllt,

Magnús Pétursson,
Forstjóri LSH

Sérhæfð þjónusta við aldraða með geðsjúkdóma.

Hlutverk:

- Greina og meðhöndla fólk 67 ára og eldra sem er haldið geðsjúkdómum eftir tilvísun frá heilbrigðisstarfsfólki.
- Einkum er um að ræða eftirtalda sjúklingahópa:
 - Fólk með nýgreint þunglyndi (og skylda sjúkdóma) á efri árum, fjölveikir einstaklingar með þunglyndi og einstaklingar í þörf fyrir raflækningar.
 - Sjúklingar með geðrof (psychosis) sem byrjar á efri árum.
 - Sjúklingar með heilabilun sem hafa alvarleg geðræn einkenni.
 - Fjölveikir sjúklingar 67 ára og eldri með óljósa greiningu þar sem grunur leikur á að geðsjúkdómar eigi stóran þátt í sjúkdómsmyndinni.
- Greining og meðferð skv. ofanskráðu felst í göngudeildarmeðferð, heimaþjónustu, sjúkrahúsmeðferð og annarri eftirfylgd eftir því sem við á hverju sinni.
- Ráðgjafarþjónusta varðandi geðsjúkdóma aldraðs fólks, bæði úti í samfélaginu og einnig á heilbrigðisstofnunum svo sem heilsugæslustöðvum, dagvistum og hjúkrunarheimilum.
- Lögð verði áhersla á fjarlækningar þar sem því verður við komið.
- Samráð verður við geðsvið LSH um verkaskiptingu, um tilfærslu sjúklinga milli sviðanna eftir því sem við á, þjálfun starfsfólks og kennslu heilbrigðisstétta. Eftir að þjónustan er komin á laggirnar
- verður um reglulegt samráð að ræða varðandi daglega útfærslu eftir því sem við á á hverjum tíma.
- Þátttaka í kennslu fagstétta í hvað varðar greiningu og meðferð aldraðs fólks með geðsjúkdóma.
- Rannsóknar og þróunarstarfsemi á sviði öldrunargeðlæknisfræði.
- Tengsl við hagsmunafélög sjúklinga.
- Sérstök tengsl við geðhjúkrunardeild sem fyrirhuguð er á hjúkrunarheimilinu í Sogamýri.(Mörkin)

Starfsemi

- Ráðgjafarþjónusta á landsvísu sem starfrækt verði í tengslum við göngudeild.
- Göngudeild með þjónustu geðlækna, sálfræðinga félagsráðgjafa og hjúkrunarfræðinga
- Legudeild þar sem m. a. er möguleiki á að taka á móti fólki sem svipt hefur verið sjálfræði tímabundið.

Húsnæði

- Þjónustan verður staðsett á LSH Landakoti og tilheyrir öldrunarsviði.
- Göngudeild og ráðgjafapjónusta verður starfrækt á jarðhæð og á fyrstu hæð hússins og verður símapjónusta og ritarpjónusta samnýtt með öðrum göngudeildum öldrunarsviðs.
- Legudeildin verður staðsett á (x) og verður lækningarritarpjónusta, aðstaða til iðjupjálfunar og sjúkrapjálfunar samnýtt með öðrum deildum öldrunarsviðs.

Mannafli

- Þar sem þjónusta við aldrað fólk með geðsjúkdóma er starfrækt í flestum löndum er nokkurn veginn vitað hver mannaflapörfin er.
- Við áætlanagerð verður einkum horft til sambærilegra stofnanna á hinum norðurlöndunum.
- Innifalin í áætluninni verður ráðgjafarþjónusta á landsvísu til hjúkrunarheimila, heilsugæslu og annarra aðila sem sinna öldruðum.
- Gera verður ráð fyrir að starfsfólk geti farið í vitjanir og sinnt fjarlækningum.
- Ekki verður talinn til manafli hvað varðar yfirstjórn lækningarþjónustu og símsvörun.

Hvað gerist ef fólk á efri árum með geðsjúkdóma fær ekki viðeigandi þjónustu?

- Lífi getur verið ógnað.
- Lífsgæði eru verulega skert.
- Allvarleg ómeðhöndluð geðræn veikindi eru líkleg til þess að leiða til hjúkrunarheimilis dvalar.
- Staðreyndin er að með sérhæfðri og vandaðri nálgun og meðferð er oft hægt að ná undraverðum árangri þar sem lífsgæði eru bætt og sjálfstæð búseta endurreist.



Þörfin fyrir öldrunargeðlækningar er mikil og vöntun öldrunargeðdeildar má telja einn veikasta hlekkinn í þjónustu við eldra fólk